

Alþingi
Erindi nr. P 130/1519
komudagur 24.3.2004



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

LÍFFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLANS
Sturlugötu 7, 101 Reykjavík
Sími: 525 4600
Bréfasími: 525 4069

22.03.04


Meðfylgjandi eru þrjár umbeðnar umsagnir til Nefndasviðs;

- 1) Um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008, 477. mál á 130. löggjafarþingi 2003-2004
- 2) Um frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu
- ③ Um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum, 594. mál á 130. löggjafarþingi 2003-2004

Ég hef haft þann háttinn á sem endranær að leita umsagna hjá tilteknum sérfræðingum stofnunarinnar sem hafa sérþekkingu á viðkomandi sviði og hafa sett sig rækilega inn í tiltekið mál.

Vegna mikilla anna á stofnuninni í kjölfar flutninga í nýtt húsnæði dróst að setja saman umsögnina vegna fyrsta málsins. Er beðist velvirðingar á því með von um að umsögnin komi engu að síður að gagni.

Virðingarfyllst,


Sigurður S. Snorrason
forstöðumaður



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Líffræðistofnun Háskólans
Sturlugötu 7, 101 Reykjavík

20. mars 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

UMSÖGN

um

frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum 594. mál

Tilgangur frumvarps þessa er meðal annars sá að auka vernd arnarins og annarra friðaðra dýra, skýra stjórnsýsluskil milli Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands og auka heimildir til þess að bregðast við stækkandi stofnum villtra dýra sem flust hafa til landsins af manna völdum, auk breytinga er varða framkvæmd hreindýraveiða. Ekki eru gerðar athugasemdir við þessa þætti frumvarpsins.

Hér er hins vegar gerð alvarleg athugasemd við 7. gr. frumvarpsins um breytingu á 1. másl. 1. mgr. 11. gr. laganna þar sem lagt er til að þeir sem stundi veiðar á minkum þurfi ekki að afla sér veiðikorts.

Mikill munur er á músa- og rottuveiðum almennings annars vegar og minkaveiðum hins vegar. Músa- og rottuveiðar eru undantekningalítið stundaðar í híbýlum manna og útihúsum og til þeirra eru notaðar gildirur sem hvorki fólki né öðrum dýrum stafar hættu af. Öðru máli gegnir um minkaveiðar, sem í langflestum tilvikum eru stundaðar úti í náttúrunni og notaðar til þeirra skotvopn, lífgildirur sem fuglar og heimiliskettir geta veiðst í, eða felligildirur sem börnum getur stafað hættu af, auk fugla og katta.

Í síðasta málslið 11. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994, sbr. breytingu með lögum nr. 131/1999, segir svo:

„Þeir sem stunda veiðar á villtum dýrum skulu hafa tekið próf um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða. Umhverfisstofnun heldur námskeið til undirbúnings prófunum.“

Í greinargerð sem lögð var fram með frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 64/1994, segir meðal annars svo í athugasemdum um 11. gr. frumvarpsins:

„Erlendis er eftirlit (með veiðum, innskot PH) m.a. fólgið í því að þeir sem vilja stunda veiðar skuli árlega afla sér veiðikorts sem er sönnun þess að þeir hafi skilað skýrslu um veiðar síðasta árs og greitt gjald í veiðisjóð. Veiðiskýrslur veita upplýsingar um heildarveiði og breytingar á veiði milli ára. Veiðigjald yrði notað til þess að standa straum af kostnaði við rannsóknir á villtum dýrum og til stýringar stofnum villtra dýra.”

Síðar í athugasemdum um sömu grein segir svo:

„Íslendingar hafa einnig dregist aftur úr að því er varðar kröfur til hæfni veiðimanna. Hér á landi hefur löngum verið litið svo á að menn séu fæddir veiðimenn og þurfi eingöngu lágmarkstilsögn í meðhöndlun skotvopna, en hæfni veiðimanna er fólgin í fleiri atriðum en því að kunna að skjóta af byssu.

Árin 1990 og 1991 voru haldin í Reykjavík námskeið að tilstuðlan dómsmálaráðuneytisins þar sem tilsögn var m.a. veitt í vistfræði og náttúruvernd. Einnig hefur kennsla í meðferð skotvopna verið aukin. Hér hafa verið stigin skref í framfaraátt og námskeið af þessu tagi ber að efla enn frekar. Því er gert ráð fyrir heimild til handa umhverfisráðherra að gera kröfu um að allir þeir, sem heimild fái til að stunda veiðar, hafi sótt námskeið og lokið prófi er lýtur að þekkingu á villtum dýrum og umhverfi þeirra, sem og í hæfni til veiða.”

Enginn vafi leikur á að stórt framfaraskref var stigið með því að lögbinda kröfuna um að allir þeir sem stundi veiðar á villtum dýrum í náttúrunni (þ.e. öðrum en músum og rottum) skuli hafa lágmarksþekkingu á náttúruvernd og helstu ferlum náttúrunnar, þ.e. vistfræði, auk þekkingar á þeim veiðitækjum sem heimilt er að nota. Engin skynsamleg ástæða er til að undanskilja veiðar á minkum. Telji menn að líkurnar aukist á að Íslendingum takist að útrýma mink úr náttúru landsins með því að heimila mönnum minkaveiðar, sem ekki hafa lágmarksþekkingu á náttúrunni, fara þeir villur vega. Útrýming minksins, ef til hennar kemur, mun eingöngu eiga sér stað með sameiginlegu átaki manna, sem hafa mikla þekkingu á náttúrunni. Þá er vandséð að hvaða haldi það kemur í baráttunni við minkinn að undanskilja minkaveiðimenn greiðslu í veiðisjóð (veiðikortasjóð) og skilum veiðiskýrslu. Heldur virðist ástæða til að treysta sjóðinn en hitt.

Undirritaður mælir eindregið með því að 7. gr. verði felld út úr frumvarpinu.

Virðingarfyllst,



Páll Hersteinsson, D.Phil.
prófessor